

Ár 2012, föstudaginn 3. febrúar, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:
Málið nr. 5/2012
A
gegn
D

Mætt eru í réttinn G f.h. kæranda og J, GÁ og Á f.h. kærða.

Skjöl málsins nr. 1 – 6 liggja frammi. Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I. Dómkröfur.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 16. janúar sl. Kærandi er G, kt. ..., f.h. A, kt. ..., ..., Kærði er Dansíþróttasamband Íslands, kt. 601294-2149, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól ÍSÍ 17. janúar 2012. Með bréfi sama dag var kærða gefinn frestur til miðvikudagsins 25. janúar til að skila greinargerð í málinu. Þann 27. janúar var málið þingfest en kærði hafði skilað greinargerð þann 25. janúar. Var málið dómtekið þann 29. janúar.

Dómkröfur kæranda eru svofelldar:

Aðalkröfur:

- A) Að útgefið keppnisbann eða ákvörðun um óhlutgengi kæranda frá hendi DSÍ og WDSF verði dæmt ógilt.
- B) Að DSÍ verði gert að útskýra formlega afstöðu sína og samskipti við WDSF og beiti sér fyrir því að keppnisbann WDSF verði ekki látið gilda á erlendum vettvangi frekar en innlendum og að útgefið keppnisbann WDSF á erlendum vettvangi verði dregið til baka.
- C) Að stjórn DSÍ verði áminnt fyrir að standa ekki vörð um skyldur sínar skv. eigin lögum gagnvart ÍSÍ.
- D) Að stjórn DSÍ verði áminnt fyrir að sinna ekki skyldum sínum gagnvart skjólstæðingum sínum, danspörunum, og setja lög og reglur WDSF rétt hærra en lög og reglur DSÍ, ÍSÍ, Íslenskrar stjórnarskrár, lögum íslenska lýðveldisins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- E) Að stjórn DSÍ gefi út formlega og opinberlega afsökunarbeiðni fyrir að sinna ekki skyldum sínum gagnvart skjólstæðingum á barnsaldri eins og þeim ber skv. eigin lögum og lögum ÍSÍ, lögum alþjóðlegu ólympíunefndarinnar, stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, barnaverndarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland er undirskriftaraðili að.

Til vara:

- A) Ef ÍSÍ fellst ekki á lið A) í Aðalkröfum hér að ofan að hið minnsta verði öll samskipti frá hendi DSÍ og stjórnarformanns DSÍ við kæranda gerð ógild og að DSÍ verði gert skylt að hefa málið að nýju og fara þá eftir hefð um réttláta málsmeðferð og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og lögum ÍSÍ.
- B) Að umrætt 3. mán. keppnisbann verði látið gilda frá 10. okt. 2011 til 10. jan. 2012, ef ekki verður fallist á Aðalkröfu A) hér að ofan.

C) Undanþága verði veitt til handa kæranda til að keppa á mótum DSÍ á Íslandi burtséð frá banni WDSF.

Dómkröfur kærða eru svofelldar:

Aðallega að dómstóllinn vísi málinu frá dómi.

Til vara að kærði verði alfarið sýknaður af öllum kærutriðum og staðfest að stjórn og formaður stjórnar Dansíþróttasambands Íslands (DSÍ) hafi í einu og öllu farið rétt að í störfum sínum og ákvörðunum varðandi kæruefnið.

II. Málsatvik.

1. Aðilar eru sammála um málsatvik í öllum verulegum atvikum. Kærandi fór ásamt fleiri danspörum í ferðalag til London og tók þar þátt í nokkrum dansmótum frá 7. október til 9. október 2011. Fyrir ferðina hafði stjórn DSÍ sent tilkynningar til aðildarfélaga sinna, þann 23. júní 2011 og aftur þann 16. september 2011, þar sem fram kemur m.a. eftirfarandi:
Keppnirnar, Blackpool, International (Brentwood og Albert Hall) og UK Open (Bournemouth) eru einu keppnir sem eru leyfðar á Bretlandi á árinu 2011. Þetta þýðir að keppnirnar í Watford og Lakeside (Imperial) eru bannaðar af WDSF (alþjóða dansíþróttasambandið). Allir sem taka þátt í bönnuðum keppnum eiga hættu á að fá keppnisbann frá WDSF og á það bæði við um keppendur sem og dómara.
2. Af hálfu kæranda er á því byggt að ekki hafi verið vitað af þessum bréfum fyrr en seinni part september 2011 eftir samtöl við danskennara kæranda. Kveðst kærandi hafa tekið ákvörðun um að fara á hinar bönnuðu keppnir þar sem því hafi ekki verið trúað að WDSF eða kærði myndi fylgja slíku banni eftir eða væri heimilt að beita slíku banni. Af hálfu kæranda er á því byggt að þegar í júní 2011 hafi verið lagt út í óendurkræfan kostnað vegna keppnanna og að á vef DSÍ hafi verið listi yfir bannaðar keppnir sem kærandi hafi talið vera tæmandi. Þær keppnir sem farið var á voru ekki á þessum lista. Kærandi kveðst ekki hafa kynnt sér síðareglur WDSF á þessum tíma til hlítar.
3. Í nóvember 2011 fékk kærandi framsent frá danskennara sínum bréf frá kærða sem fól í sér fyrirspurn frá WDSF. Bréf WDSF er dagsett 2. nóvember og í því kemur fram að hafi ekki borist viðhlítandi skýringar á athöfnum kærða fyrir 16. nóvember kunni framkvæmdastjórn (e. Presidium) WDSF að úrskurða kæranda í 6 mánaða keppnisbann frá og með 17. nóvember 2011. Af hálfu kæranda var sent bréf til WDSF dagsett 15. nóvember 2011 þar sem freistað var að skýra út aðstæður kæranda, afsökunar beðist og þess óskað að ekki yrði ákveðið keppnisbann í þessu tilviki eða aðvörðun veitt.
4. Með bréfi þann 23. desember 2011 tilkynnti WDSF kæranda að ákveðið hefði verið að úrskurða hann í þriggja mánaða keppnisbann frá 25. desember 2011 að telja. Í kjölfar gagnrýni kæranda á upphafstíma keppnisbannsins barst honum tilkynning frá kærða og WDSF þann 12. janúar 2012 að fallist hefði verið á að miða upphaf keppnisbannsins við 17. nóvember 2011. Er það síðasttalda ákvörðunin sem sætir hér kæru.
5. Af hálfu kærða er vísað til þess í málavaxtalýsingu að kærandi hafi verið félagsmaður í Da og keppt á vegum þess félags, en Da sé eitt af aðildarfélögum kærða. Aðalþjálfari þess félags og formaður stjórnar sé R. Einn stjórnarmanna þess félags og starfsmaður, K, sem jafnframt er eiginkona R, hafi tekið sæti í stjórn kærða á Dansþingi 18. maí 2010 sem varamaður og verið kosinn aðalmaður í stjórnina ári síðar. Sat hún í stjórn þar til hún sagði

sig úr stjórn á 5. stjórnarfundum kærða í kjölfar umræðu um tilkynningar frá WDSF (sem hér áður IDSF). Hefur kærði lagt fram fundargerðir af fundum stjórnar og formanna hjá kærða, þar sem fram kemur að margoft hefur verið fjallað um fyrirætlan WDSF að framfylgja banni á keppnum og að þrátt fyrir að stjórn kærða hafi a.m.k. einu sinni bókað að hún væri ekki sammála þessum viðurlögum, þá kemur skýrt fram í fundargerðunum að stjórn kærða taldi ekki annað unnt en að virða ákvarðanir WDSF og kynnti það fyrir aðildarfélögum sínum.

6. Mál þetta er eitt af fimm samkynja málum. Fyrir liggur að fyrir hönd kæranda í öðru algerlega sambærilegu máli var sérstaklega óskað eftir því að stjórn kærða samþykkti að veita undanþágu frá keppnisbanni WDSF vegna tveggja móta, þann 21.-22. janúar og 11.-12. febrúar 2012. Stjórn hafnaði þeirri beiðni og taldi sig ekki hafa heimildir til slíkrar undanþágu með tölvubréfi dagsettu 18. janúar 2012.
7. Ekki verður séð af gögnum málsins með hvaða hætti málið hófst hjá WDSF, þ.e. hvort kæra hafi borist þangað og þá frá hverjum, eða hvort málið hafi verið tekið upp á grundvelli eftirlits WDSF.

III. Máltilbúnaður kæranda.

1. Greinargerð kæranda er ítarleg og er hún ekki tekin upp orðrétt í þessum kafla, heldur leitast við að reifa allar málsástæður. Af hálfu kæranda er á því byggt, að samskipti kærða og WDSF beri með sér að ekki sé borin virðing fyrir réttlátri málsmeðferð. Ekki sé upplýst í bréfi WDSF frá 2. nóvember 2011 að ætlunin sé að kæra, heldur hafi yfirbragð bréfsins verið í formi fyrirspurnar með tilvísun í siðareglur WDSF og mögulega málsmeðferð í framhaldi. Er byggt á því að brotið hafi verið á andmælarétti kæranda. Þá sé í tilkynningu kærða frá 27. desember 2011 ekki lögð fram kæra heldur eingöngu birt keppnisbann án þess að upplýsa um hvernig málsmeðferð sé háttað, t.d. hvernig eigi að áfrýja og hvert. Kærandi telur að kæra hans verði að beinast að kærða, þar sem þau séu ekki skráðir meðlimir í WDSF með beinum hætti.
2. Kærandi byggir á því að ekki hafi verið gætt meðalhófs. Talið er að miða hefði átt við að bannið myndi hefjast 10. október 2011, ef eitthvert bann væri til staðar. Þá er talið að unnt hefði verið að ná markmiði siðareglna WDSF og þar með refsingar með því að áminna kæranda. Ekki fáist séð hvernig þessi harða refsing gagnvart .. ára barni geti falið í sér að barnið eða forráðamenn þess skilji eðli reglna WDSF betur hér eftir eða t.d. að barnið sé afhuga lyfjamisnotkun í framtíðinni, ef það er megintilgangur keppnisbanns WDSF.
3. Kærandi telur það ósamræmi í ákvörðunum WDSF að beita fyrst refsingum vegna óskráðra keppna haustið 2011 en ekki þegar þessi bönn voru fyrst sett fram. Er þar vísað til þess að heimildir til keppnisbanna hafi verið í gildi í að minnsta kosti 4 ár og núgildandi siðareglur hafi gilt í 2-3 ár án þess að refsingum sem þessum hafi áður verið beitt. Enginn munur sé á inntaki yfirlýsinga kærða frá október 2010 og þeirra sem gefnar voru í júní 2011. Byggt er á því að ef WDSF hefði ætlað sér að beita refsingum fyrst haustið 2011 þá hefði sá tilgangur átt að vera settur fram formlega og með mjög skýrum hætti með góðum fyrirvara til að koma í veg fyrir fjártap íþróttaiðkenda og gera þeim kleyft að fylgja banninu. Telur kærandi refsinguna ekki vera í samræmi við brotið að teknu tilliti til tilgangs siðareglanna, sem sé í besta falli óskýr. Byggt er á því að brotið hafi verið á jafnræðisreglum með því að ákveða að sumir þátttakendur skyldu fá

- keppnisbann en aðrir ekki og er vísað til reglu 5.2.d. í reglum ÍSÍ um réttindi og skyldur félagsmanna. Vísaði kærandi til sambærilegra móta frá árinu 2010 og tilgreindi vitni máli sínu til stuðnings. Ekki var talið nauðsynlegt að leiða þau vitni fyrir dóminn þar sem fallist var á að leggja til grundvallar að frásögn þeirra yrði sú sem í kæru greinir.
4. Kærandi byggir á því að WDSF hafi ekki umboð til að setja íslenska dansara í keppnisbann með þeim hætti sem gert var. Á því er byggt að kærði sé ekki bundinn af lögum og reglum WDSF að þessu leyti, enda komi ekkert slíkt fram í lögum kærða. Á því er byggt að í lögum kærða segi í grein 9.1. að kærsmål skuli fara með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum laga ÍSÍ en málsmeðferð kærða var ekki í samræmi við þetta, þar sem vísað er til laga og reglna WDSF. Telur kærandi það vera óréttláta málsmeðferð.
 5. Kærandi byggir á því að WDSF og kærði hafi ekki lagalega stöð til að setja 10 ára barn í keppnisbann á grundvelli ákvörðunar sem barnið tók engan þátt í og hefur ekki þroska til. Er í þessu samhengi vísað til 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna um að ekki eigi að refsa barni vegna athafna foreldra þess. Þá byggir kærandi á því að kærða og WDSF sé óheimilt að hindra þátttökurétt kæranda í umræddum keppnum með vísan til 13., 15. og 31. gr. Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Þá telur kærandi keppnisbannið vera alvarlega aðför að einkalífi kæranda, sbr. 16. gr. Barnasáttmálans.
 6. Kærandi byggir á því að kærufrestur skv. grein 24.1. í lögum ÍSÍ sé ein vika og að kærði hafi ekki virt þetta ákvæði, enda virðist engin kæra á hendur kæranda hafa verið lögð inn til ÍSÍ. Á því er byggt að skv. grein 38.1 í lögum ÍSÍ þá sé skylt að skjóta úrskurðum um óhlutgengi til dómstóla ÍSÍ en kærði hafi ekki virt þá málsmeðferð. Loks byggir kærandi á því að grein 27.10 í lögum ÍSÍ hafi verið brotin af hálfu kærða.
 7. Kærandi telur siðareglur WDSF óskýrar og tilgreinir tvö dæmi þar um (tilgreining um alvarleg brot í skilningi reglnanna og tilgangur banns við þátttöku í ósamþykktum keppnum). Þá byggir kærandi á því að framkvæmdin leiði til enn frekari óskýrleika þar sem sumar keppnir í Englandi eru leyfðar.
 8. Kærandi telur að í málinu hafi verið brotið gegn ákvæðum 1.2.6 og 1.2.12 í 2. kafla Ólympíusáttmálans og að það sé hlutverk ÍSÍ skv. grein 4.27.2.2.5 að láta til sín taka til að koma í veg fyrir slíka mismunun. Er einnig vísað til greinar 4.1.f í lögum ÍSÍ. Þá vísar kærandi til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 457/2002 máli sínu til stuðnings.

IV. Máltilbúnaður kærða.

1. Af hálfu kærða er aðallega krafist frávísunar og til vara að öllum kröfum kæranda verði hafnað.
2. Til stuðnings aðalkröfu sinni telur kærði dómstól ÍSÍ ekki hafa lögsögu í máli er varðar ákvarðanir WDSF almennt, en við flutning málsins kom einnig fram sjónarmið um að þar sem umrædd þátttaka í bönnuðum keppnum átti sér stað erlendis, þá væru reglur WDSF lögum ÍSÍ æðri í þessu tilviki.
3. Kærði byggir á því að kærði sé æðsti aðili um öll mál dansíþróttarinnar innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og sé jafnframt samband allra félaga, héraðssambanda eða sérráða innan ÍSÍ sem hafa innan vébanda félög er iðka, æfa og keppa í dansíþróttinni. Í 2. gr. laga kærða komi fram að eitt af hlutverkum kærða sé að koma fram sem fulltrúi Íslands gagnvart erlendum samböndum og að samræma reglur við alþjóðlegar þar sem það á við. Kærði sé aðili að alþjóðasambandi dansíþróttasambanda, skammstafað WDSF, sem

sé æðsti aðili um öll mál dansíþróttarinnar á heimsvísu. Því beri öllum sem stunda dansíþróttina undir merkjum kærða að virða og fara eftir reglum WDSF. Aðeins eitt dansíþróttasamband frá hverju landi geti verið aðili að WDSF, sem starfi á sömu forsendu, sömu lögmálum og hafi sama leiðarljós og ÍSÍ. Þá hafi WDSF svipaðar reglur um kærur og dómsmál og ÍSÍ. WDSF sé jafnframt fulltrúi dansíþróttahreyfingarinnar á alþjóðavísu gagnvart Ólympíufjölskyldunni.

4. Kærði byggir á því að WDSF hafi úrskurðað um keppnisbannið sem mál þetta er sprottið af og er dómur þess endanlegur. Kærða sem aðildarsambandi WDSF ber að framfylgja úrskurðum sambandsins sem varða félagsmenn aðildarsambanda þess, en tekur ekki sjálfstæða afstöðu til málsins. Stjórn kærða hafi ekki tekið formlega afstöðu til þessa keppnisbanns og telji það ekki vera hlutskipti hennar. Kærði hafi skuldbundið sig til að lúta reglum WDSF og framfylgja ákvörðunum sem teknar eru af löglegri og lýðræðislega kjörinni stjórn sambandsins gagnvart aðildarsamböndum sínum og félagsmönnum þeirra, gegn því að njóta þeirra réttinda sem aðild fylgir.
5. Frávísunarkröfu sína byggir kærði að hluta til á þeirri málsástæðu að kröfugerð kæranda sé í einstaka tilvikum svo óskýr að honum sé ómögulegt að taka til varna.
6. Kröfu sína um sýknu styður kærði ýmsum rökum. Málalilbúnaður hans verður skilinn svo, að hann krefjist m.a. sýknu vegna aðildarskorts, þ.e. kærði hefur byggt á því að hann hafi ekkert um þetta mál að segja, hafi eingöngu verið milliliður í að koma upplýsingum um ákvörðun WDSF til kæranda.
7. Þá mótmælir kærði kröfum kæranda í einu og öllu og kveðst ekki hafa brugðist skyldum gagnvart ÍSÍ eða skjólstæðingum sínum, danspörunum.
8. Kærði vísar í greinargerð sinni til reglna WDSF, Athletes Code of Conduct and Standards of Ethics, Code of the WDSF Disciplinary Council, samþykktá WDSF og mótmælir tilvísun kæranda til barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna og reglna um meðalhóf og jafnræði.

V. Forsendur og niðurstöður.

1. Um frávísunarkröfu kærða.
 - 1.1. Eins og að framan hefur verið rakið gerir kærði kröfu um frávísun málsins. Er byggt á því að dómstóll ÍSÍ hafi ekki lögsögu í málinu. Ekki er um það deilt að innan vébanda kærða er ekki að finna neinn sérdómstól og í grein 9.1. í lögum DSÍ er skýrt tekið fram að um kærsmål skuli farið eftir dóms og refsíákvæðum laga ÍSÍ, sem 4. kafli laga ÍSÍ hefur nú leyst af hólmi. Lítur krafa kærða að því að enginn íslenskur íþróttadómstóll eigi lögsögu í málinu, heldur lúti lögsaga í málinu alfarið stofnunum WDSF.
 - 1.2. Í 1. gr. laga Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands segir m.a. í lið 1.1. um sambandið: *Það er æðsti aðili frjálstrar íþróttastarfsemi í landinu, sbr. ákvæði íþróttalaga. Í grein 5.2., lið f segir um réttindi og skyldur félaga: Félagið sé óháð erlendum samtökum um allt annað en alþjóðaiþróttareglur enda gangi þær hvorki í berhögg við lög ÍSÍ né reglur Alþjóðaólympíunefndarinnar, IOC. Í 4. kafla laganna er fjallað um dómstóla ÍSÍ. Þar segir m.a. í grein 20.1 um dómstóla ÍSÍ: ...og skulu þeir hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar og sem varða lög og reglur Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), sérsambanda, héraðssambanda, íþróttabandalaga, aðildarfélaga eða einstakra iðkenda eftir því sem við á.*

- 1.3. Í 38. gr. laga ÍSÍ segir: *Framkvæmdastjórn ÍSÍ í þeim greinum, sem ÍSÍ er sérsamband fyrir, og stjórnir sérsambanda, í sínum greinum, geta kveðið upp óhlutgengisúrskurði yfir íþróttamönnum, sem brotlegir eru, en skylt er að skjóta slíkum úrskurðum til Dómstóls ÍSÍ sem ber þegar að taka slík mál fyrir.*
- 1.4. Dómstólar ÍSÍ eru tveir, Dómstóll ÍSÍ – sem fjallar hér um þetta mál – og Áfrýjunardómstóll ÍSÍ. Samkvæmt grein 63.3. í lögum ÍSÍ getur aðili skotið dómi Áfrýjunardómstóls ÍSÍ til Íþróttadómstólsins í Lausanne, Sviss (Court of Arbitration for Sport), sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við Reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði.
- 1.5. Af hálfu kærða er vísað til reglna alþjóðasambandsins WDSF til stuðnings þeim málatilbúnaði að um málið verði eingöngu fjallað af hálfu stofnana WDSF. Í grein 6 í lögum WDSF segir: *In view of the international composition of the WDSF and the resultant difficulties in settling disputes judicially where problems arise between members or between members and the WDSF, Members waive the right to take such disputes to law, and agree that such disputes shall be subject to the binding decision of the WDSF Disciplinary Council, the General Meeting or the Court of Arbitration for Sport in Lausanne, Switzerland.* Í grein 14 í lögum WDSF kemur fram að framkvæmdastjórn WDSF (Presidium) hefur vald til að dæma íþróttamenn aðildarfélaga í keppnisbann (a liður) og ákvarða viðeigandi refsingu gagnvart einstaklingum (d liður). Í 2. lið 14. gr. kemur fram að einstaklingar eða aðildarfélög geta skotið ákvörðunum framkvæmdastjórnar til „*the WDSF Disciplinary Council*“, sem skal vera endanlegur úrskurðaraðili, utan tilvika sem nefnd eru í 6. gr. og áður hefur verið gerð grein fyrir.
- 1.6. Í grein 2 í reglum um „WDSF Disciplinary Council“ segir að sú nefnd skuli vera „*the sole judicial organ of the WDSF*“.
- 1.7. Eins og fram hefur komið var kærandi úrskurðaður í keppnisbann af framkvæmdastjórn WDSF í kjölfar þátttöku í keppni í Englandi sem taldist brot á reglum WDSF. Við skoðun á því hvort Dómstóll ÍSÍ eigi hér lögsögu verður ekki litið fram hjá því, að um mót í öðru landi en Íslandi var að ræða, þó ákvörðun um keppnisbann hafi áhrif í öllum keppnum á vegum WDSF, hvort sem það er á Íslandi eða annars staðar.
- 1.8. Þegar horft er til móta og keppendareglna kærða annars vegar og ÍSÍ hins vegar, sem og grunnreglna um meðferð kærumála innan íþróttahreyfingarinnar, verður ekki fallist á, að Dómstóll ÍSÍ hafi almennt ekki lögsögu í málum sem upp koma í íþróttastarfsemi á Íslandi á vegum kærða. Er því þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á að þar sem ákvæði reglna WDSF mæli svo um, beri að vísa máli þessu frá dómi.
- 1.9. Fram kom við flutning málsins að kærandi hefur þegar misst af einu móti vegna keppnisbanns síns (Reykjavík International Games 21.-22. janúar 2012). Verður að líta svo á, að með ákvörðun sinni um að veita ekki undanþágu hafi stjórn kærða í raun ákveðið, að kærandi hefði ekki heimild til að keppa á umræddu móti. Þannig hafi kærði í raun tekið sjálfstæða ákvörðun um að synja kæranda keppnisrétti á mótinu, sbr. heimild þar um í grein C-1.6. í Móta- og keppendareglum DSÍ, sbr. og 38. gr. laga ÍSÍ þar sem þetta er í raun óhlutgengisúrskurður yfir íþróttamönnum sem skylt er að skjóta til Dómstóls ÍSÍ. Að mati dómsins er A liður aðalkröfu kæranda orðaður þannig, að telja verður að með þeirri kröfu sé kærandi m.a. að krefjast ógildingar á þessari ákvörðun kærða, þó hún hafi verið með frekar óformlegum hætti og hafi þegar kæra var lögð fram birst sem tilkynning um keppnisbann samkvæmt ákvörðun

WDSF. Er í þessum efnunm vísað til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 457/2002 í máli Landssambands íslenskra akstursíþróttafélaga gegn Gunnari Egilssyni sem kveðinn var upp 15. maí 2003.

- 1.10. Eins og A liður aðalkröfu kæranda hefur hér verið skýrður, verður að telja að dómstóll ÍSÍ sé bær til að taka efnislega á þeirri kröfu, sbr. ákvæði 9.1. í lögum kærða. Er frávísunarkröfu kærða á A lið aðalkröfu kæranda hafnað með þessum rökum.
- 1.11. Aðrir liðir aðalkröfu kæranda beinast beint að kærða og verður þeim ekki vísað frá dómi með þeim rökum að dómstóll ÍSÍ eigi ekki lögsögu í þeim ágreiningsefnum. Er kröfu kærða um frávísun aðalkrafna kæranda frá dómstóli ÍSÍ því hafnað.
- 1.12. Í varakröfum kæranda er í A lið gerð krafa um ómerkingu málsmeðferðar málsins hjá kærða, í B lið er krafist breytingar á gildistíma keppnisbannsins og í C lið er gerð sú krafa að dæmt verði að kærandi skuli þrátt fyrir keppnisbannið fá heimild til þátttöku á mótum kærða á Íslandi. Ekki verður á það fallist að umræddar kröfur falli utan lögsögu dómstóls ÍSÍ og verður kröfu kærða um frávísun þeirra því hafnað.

2. Efnisatriði málsins.

- 2.1. Í kafla I. er gerð grein fyrir kröfugerð kæranda. Þar eru listaðar í fimm liðum aðalkröfu kæranda sem lúta að því að 1) keppnisbann verði dæmt ógilt, 2) kærða verði gert að útskýra formlega afstöðu sína og samskipti við WDSF og gert að beita sér fyrir því að keppnisbann WDSF verði ekki látið gilda á erlendum vettvangi frekar en innlendum og fleira, 3) að stjórn kærða verði áminnt fyrir brot á skyldum gagnvart ÍSÍ, 4) að stjórn kærða verði áminnt fyrir brot á skyldum gagnvart skjólstaðingum sínum, danspörunum og 5) að stjórn kærða gefi út formlega og opinberlega afsökunarbeiðni.
- 2.2. Í grein 36.1 og 36.2 laga ÍSÍ er að finna ákvæði um niðurstöður dómstóla ÍSÍ og þær refsingar sem dómstólar ÍSÍ geta beitt. Þó þar sé fjallað um áminningar, er það mat dómsins að ekki sé unnt að verða við kröfu um áminningu til handa stjórn kærða, þegar af þeirri ástæðu að það er kærði, en ekki einstakir stjórnarmenn, sem eru aðilar að máli þessu. En jafnvel þó kröfugerð kæranda verði skilin svo að þess sé krafist að kærði verði áminntur samkvæmt liðum C og D í aðalkröfu er það mat dómsins að ekkert tilefni sé til slíkrar áminningar í máli þessu. Verður kröfum C og D í aðalkröfu því hafnað.
- 2.3. Engin heimild er fyrir dómstól ÍSÍ að gera aðila að gefa út formlega og opinberlega afsökunarbeiðni. Er kröfu E í aðalkröfu því hafnað þegar af þeirri ástæðu.
- 2.4. Krafa B í aðalkröfu verður annað hvort skýrð svo að hún sé efnislega sama efnis og krafa A í aðalkröfu, eða að hún lúti ella að refsingu sem dómstóll ÍSÍ hefur ekki vald til að beita. Verður henni því hafnað þegar af þeirri ástæðu.
- 2.5. Eftir stendur þá í umfjöllun um aðalkröfu kæranda sú krafa hans að útgefið keppnisbann eða ákvörðun um óhlutgengi kæranda frá hendi DSÍ og WDSF verði dæmt ógilt.
- 2.6. Fyrir liggur í máli þessu að kæranda, eða fyrirsvarsmaður hans, vissi að alþjóðasambandið (WDSF) teldi sig geta dæmt iðkendum í keppnisbann ef þeir yrðu uppvísir að því að taka þátt í keppnum sem ekki hefðu hlotið samþykki WDSF. Þá hefur kærandi ekki mótmælt þeirri staðhæfingu kærða að danspör frá öðrum íslenskum félögum hafi ákveðið að hætta við þátttöku í

hinu bönnuðu mótum þegar til kom. Verður því að leggja til grundvallar að kærandi, eða aðilar sem honum tengjast og verður að þessu leyti algerlega samsamað með kæranda, var kunnugt um að af hálfu WDSF stæði til að láta framfylgja bönnum betur en áður. Þrátt fyrir þetta er það mat dómsins að lögmæti hinnar kærðu ákvörðunar og þeirra reglna sem hún byggði á, ráðist ekki af því hvort fyrir hafi legið vitneskja um reglurnar og fyrirhugaðri beitingu þeirra hjá kæranda.

2.7. Að mati dómsins geta sjónarmið kæranda um meðalhóf og jafnræði ekki hindrað að þar til bærir aðilar innan íþróttahreyfingarinnar taki ákvarðanir um viðurlög, enda séu öll lagaskilyrði til staðar. Á því hér engu að breyta þótt slíkum viðurlögum hafi ekki verið beitt áður. Sú staðreynd að aðrir hafi ekki verið beittir refsingu breytir engu við mat á því hvort málið sé dómtækt hvað þetta atriði varðar.

2.8. Af hálfu kærða var leitast við að sýna fram á rökin á bak við þeirri reglu WDSF að úrskurða íþróttamenn í keppnisbann fyrir það að taka þátt í danskeppni sem ekki væri viðurkennd af hálfu WDSF. Var sérstaklega vísað til bréfs forseta sambandsins (hét þá IDSF) frá 1. október 2010. Í bréfinu segir m.a. í íslenskri þýðingu sem kærði lét vinna vegna kynningar á bréfinu árið 2010: „Ég geri mér þó grein fyrir því að sumum meðlimum og íþróttamönnum innan sambandsins þyki erfitt að átta sig á þeim reglum sambandsins sem snúa að takmörkunum fyrir keppnismót og keppendur. Sumir aðhyllast einfölduð og villandi slagorð á borð við „Frelsi til að dansa“. Slíkar upphrópanir eru mjög blekkjandi. Lög IDSF um valfrelsi merkja að við getum valið að vinna með virtum alþjóðlegum stofnunum að íþróttastarfi eins og það gerist best, þar sem skýrar reglur gilda, lyfjamisnotkun og áreiti eru ekki leyfð og þar sem viðhöfð eru önnur góð og nútímaleg gildi. Það er öllum ljóst að einhvers konar óheft „frelsi“ til að synda, hlaupa, spila fótbolta eða stunda þríþraut, svo dæmi séu tekin, á ekki við um nokkurn þann sem stundar íþróttir innan viðurkenndra íþróttasambanda. Íþróttamenn í greinum sem stundaðar eru og skipulagðar um allan heim verða að fylgja staðbundnum og alþjóðlegum reglum. Það gildir um keppnisíþróttir jafnt og lífið sjálft að ávallt eru til staðar ákveðnar reglur og skilyrði sem allir þurfa að fylgja. ... Fyrir skömmu fengum við þó staðfestingu frá Ólympíunefndinni á því að við yrðum að tryggja að allir meðlimir og íþróttamenn fylgdu reglum og stöðlum IDSF í einu og öllu, sérstaklega reglum um lyfjapróf. Þessi krafa merkir að sjálfsögðu að IDSF verður að grípa til aðgerða til að tryggja að íþróttamenn sambandsins keppi aðeins á viðburðum á vegum þess. Þannig má vernda íþróttamennina og aðildarsambönd okkar, í gegnum þær áætlanir og ferla sem fylgt er innan IDSF gegn lyfjamisnotkun. Því mega íþróttamenn sambandsins að jafnaði ekki taka þátt í viðburðum þar sem þeir eru ekki skyldugir til að gangast undir lyfjapróf, enda er slíkt alvarlegt brot á alþjóðlegum reglum um lyfjapróf (World Anti-doping Code). Það liggur í augum uppi að ekkert íþróttalið eða íþróttamaður má hunsast alþjóðlegar grunnskuldbindingar stjórnvalda eða íþróttayfirvalda. Það á ekki við um nokkra íþrótt sem stunduð er. Íþróttamenn á skrá hjá aðildarsamböndum IDSF mega því aðeins keppa á mótum sem IDSF og aðildarsambönd þess stýra eða viðurkenna, vilji þeir taka þátt í hinu skýra og rétta IDSF dansíþróttakerfi sem öll helstu íþróttayfirvöld og stjórnvöld viðurkenna. Það er hið sanna „frelsi til að dansa“ – frelsið til að taka þátt í nútímalegasta, skýrasta og virtasta kerfi til íþróttaiðkunar í heimi. Það krefst þess hins vegar að íþróttamennirnir séu meðlimir

aðildarsambanda IDSF í löndum sínum og fylgi reglum alþjóðasambandsins og þeim skilyrðum sem samþykkt eru á aðalfundum IDSF og af framkvæmdastjórn sambandsins. Þetta er einmitt það sem tíðkast innan allra viðurkenndra alþjóðlegra íþróttasambanda innan þess virta kerfis. IDSF mun ekki lengur líða undantekningar. Við viljum þó ná samkomulagi til að verja virta dansíþróttaviðburði sem hefð er fyrir, á borð við Blackpool-hátíðina, Bretlandsmeistaramótið (UK) og alþjóðlega meistaramótið (International Championships) og skipuleggjendur þeirra.“

- 2.9. Fyrir liggur að samkvæmt reglum WDSF þurfa aðilar að fá skriflega staðfestingu á því að mót séu viðurkennd af þeim. Meðan ekkert svar hefur borist gildir sú regla að mót skuli ekki teljast viðurkennt af WDSF.
- 2.10. Þá liggur fyrir að innan stjórnar kærða hafði mikil umræða átt sér stað um þá ætlan WDSF að framfylgja banni við þátttöku í ósamþykktum mótum og á a.m.k. einum stjórnarfundum er bókað að stjórn sé ekki sammála slíku banni, en að hún sjái sér ekki annað fært en að fara að ákvörðunum WDSF.
- 2.11. Ein helstu rök fyrir banninu lúta að framkvæmd lyfjæftirlits, þ.e. svo virðist sem byggt sé á því að hin bönnuðu mót fari ekki að reglum WDSF um lyfjæftirlit. Samkvæmt grein 5.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál skulu allir íþróttamenn undir lögsögu sérsambands sæta lyfjæftirliti í keppni og utan keppni, hvar og hvenær sem er, með eða án fyrirvara. Meðan íþróttamenn hafna ekki boði um að mæta í lyfjapróf verður að telja hæpið að setja þá í bann eingöngu með vísan til þess að lyfjæftirlit á viðburði sem þeir mæta sé ekki með sama hætti og í viðurkenndum mótum. Ekki verður séð af gögnum málsins að kærandi hafi leitast við að komast hjá skyldu sinni skv. grein 5.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál með því að segja sig úr félagi sem er aðili að kærða og þar með losna undan lögsögu ÍSÍ eða alþjóðlegra aðila sem fara með lyfjæftirlit. Að mati dómsins er ekki að finna í reglum ÍSÍ á sviði lyfjamála neina reglu sem felur í sér að þátttaka á mótum sem fullnægir ekki kröfum til lyfjæftirlits teljist brot á þessum reglum.
- 2.12. Almennt verður að telja rétt æðstu alþjóðlegu samtaka í íþróttgrein til að setja sinni grein reglur til eftirbreytni mjög ríkan og vera kjarna sjálfstæðis slíkra samtaka. Hins vegar getur slíkur réttur ekki verið alger, sbr. t.d. niðurstöðu Íþróttagerðardómsins í Sviss (Court of Arbitration for Sport), mál 2011/0/2422, USOC (Bandarísku ólympíunefndinni) gegn IOC (Alþjóða-ólympíunefndinni), lið 8.31.
- 2.13. Þá verður ekki litið fram hjá því, að WDSF er bundinn af reglum Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) verandi aðili að þeirri nefnd. Að mati dómsins leiðir sú aðild þó ekki til þess að allar reglur WDSF verði án skoðunar taldar standast þær grunnreglur sem leggja verður til grundvallar við mat á gildi reglna sem þrengja að persónufrelsi íþróttamanna.
- 2.14. Hafa verður í huga að um það er ekkert fram komið í málinu hvort metið hafi verið af WDSF eða aðildarfélagi samtakanna hvort þau mót sem kærandi tók þátt í og leiddu til keppnisbanns hans, hafi brotið gegn viðmiðunum WDSF um lyfjæftirlit.
- 2.15. Af framansögðu leiðir, að hér verður ekki séð að regla WDSF um keppnisbann vegna þátttöku á ósamþykktum mótum hafi nokkuð með reglu dansíþróttarinnar að gera. Viðurkenna verður WDSF vítækan rétt til að ákvarða þær reglur sem gilda skulu um viðkomandi íþróttgrein. Ekki verður fallist á án veigamikilla raka að rétt sé að refsa íþróttamönnum fyrir þátttöku í viðburðum sem eru utan vébanda WDSF og kærði hefur sagt að teljist ekki til

- íþróttaviðburða. Kærandi hefur bent á að ástæða reglnanna geti verið til að varna samkeppni á sviði mótahalds af þessu tagi. Verður ekki hjá því komist að meta, hvort umræddar reglur gangi gegn almennum grundvallarréttindum kæranda.
- 2.16. Það brýtur gegn meginreglum íslenskra stjórnskipunarлага, almennra laga og alþjóðlegra mannréttindasáttmála um frelsi einstaklinga að félagsskapur geti bannað meðlimum sínum þátttöku í viðburðum sem ekki njóta viðurkenningar sem íþróttamót eingöngu af geðþótta. Verður því að gera ríkar kröfur um rökstuðning, þegar þátttaka í viðburði er látin leiða til keppnisbanns íþróttamanns. Hin almenna vísan bréfs forseta WDSF til reglna um lyfjamisnotkun getur ekki ein og sér réttlætt jafn harkalegt inngríp í valfrelsi íþróttamanna til að þroska feril sinn. Verður því að gera þá kröfu til kærða, að ákvörðun um keppnisbann á mótum kærða hérlendis, sækir stoð í veigameiri rök, enda leiða reglur ÍSÍ um lyfjaeftirlit til þess að kærandi getur sem íþróttamaður sem fellur undir þær reglur, átt yfir höfði sér, hvenær og hvar sem er, lyfjaeftirlit eftir viðurkenndum aðferðum og reglum.
- 2.17. Kærandi hefur máli sínu til stuðnings vísað í fréttatilkynningu frá 24. janúar 2012 sem birtist á vef USA Dance, en þar segir m.a.: *USA Dance, Inc., as the United States National Governing Body of DanceSport, in accordance with the Amateur Sports Act and the rules and regulations of the United States Olympic Committee, believes that all athletes should have the opportunity to participate in DanceSport competitions of their choosing, and, contrary to any misinformation, USA Dance has never in the past, nor has any intention in the future, of limiting or restricting its member athletes from participating in any DanceSport competition held in the United States, North America or any other country abroad.*
- 2.18. Það er mat dómsins að með því að refsa íþróttamönnum sínum fyrir þátttöku í viðburðum sem að mati kærða teljast ekki íþróttamót, sé verið að hafa áhrif á háttsemi íþróttamanna utan frjálsrar íþróttastarfsemi. Þörf WDSF fyrir að banna þátttöku í danskeppnum annarra aðila er ekki ljós að mati réttarins. Þörf íþróttamanna á því að taka þátt í þeim mótum sem þeim henta er mun skýrari að mati réttarins. Telja verður eðlilegt að leggja það á kærða í þessu tilviki, að sýna fram á að tilgangur reglnanna sé málefnalegur og að hann réttlæti að grunnrétti kæranda til sjálfstæðrar ákvörðunartöku á þessu sviði sé vikið til hliðar. Kærða hefur ekki tekist slík sönnun að mati réttarins.
- 2.19. Af hálfu kærða hefur ekki verið sýnt fram á að reglur WDSF um keppnisbann ef tekið er þátt í ósamþykktum viðburðum hafi hlotið einhverja staðfestingu af hálfu Alþjóðaólympíunefndarinnar eða sé sett að kröfu hennar. Þar sem kærði hefur ekki sýnt fram á rök sem réttlætt geta keppnisbannið, verður ekki hjá því komist að telja það ógilt innan lögsögu dómstóls ÍSÍ. Breytir þar engu þó skilningur sé á því sjónarmiði kærða, að kærði verði að hlíta ákvörðunum WDSF á meðan annað hefur ekki verið dæmt.
- 2.20. Þó dómstóll ÍSÍ sé bær til að fjalla um kröfur kæranda í máli þessu, þá verður ekki talið að það sé á valdsviði dómstóls ÍSÍ að kveða upp úr um það hvort ákvörðun WDSF um keppnisbann sé gild á mótum annars staðar en á Íslandi. Verður því ekki fallist á kröfu kæranda að ógilda ákvörðun WDSF í heild sinni. Verður þeim hluta A liðar aðalkröfu kæranda því hafnað.
- 2.21. Hins vegar fellst dómstóll ÍSÍ á, að kærða var ekki heimilt að meina kæranda þátttöku á móti á sínum vegum á Íslandi. Verður sú ákvörðun því úr

gildi felld og dæmt, að keppnisbann kæranda sé ógilt í íþróttaviðburðum á Íslandi.

2.22. Að teknu tilliti til þessarar niðurstöðu þykir ekki þörf á að taka efnislega afstöðu til varakrafna kæranda.

2.23. Dóm þennan kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari í dómstól ÍSÍ.

Dómsorð:

Ákvörðun kærða, Dansíþróttasambands Íslands, um að kærandi skuli vera í banni frá þátttöku í keppnum á vegum kærða á Íslandi í samræmi við ákvörðun WDSF frá 5. janúar 2012, er ógild.

Kærði skal vera sýkn af öðrum kröfum kæranda.

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er kynntur réttur til að áfrýja máli þessu til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í gegn um skrifstofu ÍSÍ, að frestur til að áfrýja máli sé ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið

Hilmar Gunnlaugsson.